



Tilkynning um kæru nr. 82024, stjórnvald. Upplýsingar um leyfishafa.

Búið til	19.1.2024 11:46:46
Höfundur	Anna María Arnardóttir
Móttekið dags.	19.1.2024 11:28:29
Tilheyrir	USK24010201 - Almennadalur 9 - Kæra nr 8/2024

Efni

Tilkynning um kæru nr. 82024, stjórnvald. Upplýsingar um leyfishafa.

Upplýsingar

Vinnsla

Móttekið dags.	19.1.2024 11:28:29	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalýkill	00.14.02 Kæsur og dómsmál		
Lykilorð	kæsur		

Þátttakendur

Frá	Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is)
Til	usk@reykjavik.is
Cc	

Innihald

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnsýslukæru, móttækin 19. janúar 2024 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er

deiliskipulagsbreyting að Almannadal 9, snúningur á húsi innan sameiginlegrar lóðar húsa nr. 9-15.

Vegna framkominnar stöðvunarkröfu/kröfu um frestun réttaráhrifa er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða fyrir 26. janúar næstkomandi og er stjórnvaldi gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna til sama tíma. Frestur til að skila umsögn í málinu er að öðru leyti **15 dagar frá dagsetningu þessarar tilkynningar**, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Varði hin kærða ákvörðun hagsmuni þriðja aðila er óskað upplýsinga, þ. á m. netfang og/eða símanúmer, um viðkomandi sem allra fyrst.

-

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,

f.h. nefndarinnar

Ólöf Harðardóttir, skrifstofumaður ; ** ** ; **&nb**
sp; ; ** ** ; ** ** ; ** ** ; ** ** ;
Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 5758710
www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samgöngumáti er valinn.
Please consider the environment before printing and choosing transport.

KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

19.1.2024 10:24

1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með happnum Bæta við kæranda

Fullt nafn	Bjarni Jónsson
Kennitala	[REDACTED]
Heimilisfang	[REDACTED]
Póstnúmer	112
Staður	Reykjavík
Sími	[REDACTED]
Netfang	[REDACTED]

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Upplýsingum um félagafjölda. Samþykktum félagsins. Nýjustu ársskýrslu. Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

2. Umboðsmaður kæranda/kærenda ef við á

Fullt nafn
Kennitala
Heimilisfang
Póstnúmer
Sími
Netfang
Umboð

3. Kæruefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almennings eða önnur afgreiðsla stjórnvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista

Efni kærunnar

Kærð er Deiliskipulags breyting Almannadal 9 Snúningur á húsi innan sameiginlegrar lóðar Hús nr. 9-15
Krafið er ógildingar á breytingu

Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun

Reykjavíkurborg Umhverfis og Skipulagsráð

Dagsetning ákvörðunar

19.12.2023

Dagsetning ákvörðunar á ekki við

Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar)

Úrskurður birtur kærendum og birtur í Stjórnartíðindum þann 19. des 2023

4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tilteknar framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögmati kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista

Ógildingar á ákvörðun USK

5. Hagsmunir kæranda/kærenda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kærenda?

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9.
Fylgiskjalalista
breyting á heildamynd hverfis

6. Kærufrestur

Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9.
Fylgiskjalalista
Frétti af henn í samtali við aðra

7. Rökstuðningur fyrir kærðu

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9.
Fylgiskjalalista
sjá kærðu í meðfylgjandi skjali

8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?

Nei

9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kærðu er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Kæra Almannadal 9
Númer skjals:	01
Fylgiskjal	Kæra vegna almannadal 9.pdf

9. Fylgiskjalalisti²

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kærðu er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Samskipti við USK
Númer skjals:	1
Fylgiskjal	USK blað 1.jpeg

9. Fylgiskjalalisti³

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kærðu er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Samskipti við USK
Númer skjals:	2
Fylgiskjal	USK blað 2.jpeg

9. Fylgiskjalalisti⁴

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kærðu er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Samskipti við USK
Númer skjals:	3
Fylgiskjal	USK blað 3.jpeg

9. Fylgiskjalalisti⁵

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kærur er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	USK 4
Númer skjals:	4
Fylgiskjal	USK blað 4.jpeg

9. Fylgiskjalalisti⁶

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kærur er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	USK 5
Númer skjals:	5
Fylgiskjal	USK blað 5.jpeg

9. Fylgiskjalalisti⁷

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kærur er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	USK 6
Númer skjals:	6
Fylgiskjal	USK blað 6.jpeg.jpeg

9. Fylgiskjalalisti⁸

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kærur er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	USK 7
Númer skjals:	7
Fylgiskjal	USK blað 7.jpeg

MÓTTEKIÐ

19. JAN. 2024

Úrskurðarnefnd
umhverfis- og auðlindamála

Kæra : Almennadalur 9 – breyting á deiliskipulagi. USK 23020066

Undirritaður kærir ákvörðun og samþykkt á breytingu deiliskipulags Almennadal 9 frá 20. september 2023 sem var birt kærendum þann 19. desember 2023 og þann sama dag í stjórnartíðindum.

Í deiliskipulagsbreytingunni fellst hækkun á húsi og snúningur á því um hundrað og áttíu gráður innan sameiginlegrar lóðar sem á eru 4 hús.

Hækkuninni var hafnað en snúningur á húsi var samþykkt.

Breytingin var ekki grendarkynnt fyrir sameiginlegum lóðarhöfum og einungis auglýst með einni auglýsingu í blöðum.

Breytingin var kærð af Hestamannafélaginu Fákí, en þetta er félagssvæði þess, Almennadalsfélginu sem er félag húseigenda á svæðinu og einnig af Inokkrum lóðarhöfum að aðliggjandi lóðum.

Úrskurðar sem óskað er eftir :

1. Þess er krafist að umrædd deiliskipulagstillaga sé felld úr gildi.
2. Þá er einnig krafist bráðabirgðaúrskurðar um að Byggingarfulltrúa er óheimilt að taka til umföllum og samþykktar teikningar sem byggjast á þessari nýju deiliskipulagstillögu sem krafist er ógildingar á.
3. Framkvæmdir verði stöðvaðar/óheimilar þar til endanlegur úrskurður liggur fyrir.

Þá er rétt að benda á að byggingaraðili hefur nú þegar grafið fyrir húsinu og jarðvegs skipt undir væntanlegu húsi án þess að hafa byggingar- eða grafrarleyfi.

Byggingarfulltrúa embættinu hefur ítrekað verið bent á þessar óleyfisframkvæmdir án þess að framkvæmdir hafi verið stöðvaðar. Byggingarreglugerð hefur því verið þver brotin af hálfu byggingaraðila.

Meðfylgjandi eru afrit af bréfum Skipulagsfulltrúa og svörum hans. Einngi kemur þar fram afrit af öllum kærnum og svör skipulagsfulltrúa við þeim. 7 Viðhengi með kærinni.

Umrædd hús í Almennadal eru hesthús en ekki íveru hús eða íbúðarhús. Þau eru mest nýtt yfir vetrartímam og fram í byrun sumars. Allar breytingar á þeim eða svæðinu eiga því að snúa að bættari dýravelferð en ekki einhverju öðru, heldur breytingum sem koma dýrum til góða. Umrædd breyting virðist eingöngu til þess fallin að búa til íbúðir til útleigu en ekki bæta aðstöðu dýra.

Rétt er að taka fram að áður hefur Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík, bannað búsetu í þessum húsum.

Bjarni Jónsson [REDACTED]

[REDACTED] 112 Rvk.

Eigandi að Almennadal 17 með Lilju Svavarsdóttur



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík 29. janúar 2024.

Efni: Greinargerð Reykjavíkurborgar í málinu nr. 8/2024, kæra húsfélagsins Bjarna Jónssonar, Funafold 81, Reykjavík, þar sem kærð er ákvörðun Reykjavíkurborgar um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 9 við Almannadal.

Með tölvupósti dags. 19. janúar sl. framsendi úrskurðarnefndin ofangreinda kæru og óskaði eftir að nefndinni yrðu látn í té gögn er málið varðaði. Var Reykjavíkurborg jafnframt gefinn kostur á að tjá sig um efni kærunnar. Í greinargerð þessari er viðhorfum Reykjavíkurborgar lýst kærunnar.

Málavextir:

Þann 20. september 2023 var í umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkurborgar, að lokinni grenndarkynningu, samþykkt, með þeim breytingum sem fram komu í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. september 2023, breyting á deiliskipulagi Hesthúsabyggðar á Hólmsheiði vegna lóðarinnar nr. 9 við Almannadal. Í breytingunni fólst hækkun á mæni hússins og a gluggar og svalir snúi í suðurátt, skv. uppdráttum Guðjóns Magnússonar arkitekts, dags. 8. maí 2023. Tillagan var grenndarkynnt frá 31. maí 2023 til og með 28. júní 2023 og bærust nokkrar athugasemdir, þ.á.m. frá kæranda.

Deiliskipulagsbreytingin var staðfest í borgarráði þann 2. september 2023.

Deiliskipulagsbreytingin tók gildi með birtingu í b-deild stjórnartíðinda þann 21. desember 2023.

Kröfugerð:

Kærandi krefjast þess að framangreind ákvörðun Reykjavíkurborgar verði felld úr gildi. Í kæru er þess einnig krafist að byggingarfulltrúa verði meinað að taka til umfjöllunar og samþykktar teikningar skv. deiliskipulagsbreytingunni og stöðvunar framkvæmda þar til úrskurður liggja fyrir.

Reykjavíkurborg krefst þess að kröfum kæranda verði hafnað.

Málsástæður og lagarök:

Málsástæður kæranda koma fram í kæru og vísast til þeirra, en kærandi gerir einna helst athugasemdir við að byggingaraðili hafi nú þegar hafið framkvæmdir og að umrædd hús í Almannadal séu hesthús en ekki íveruhús eða íbúðarhús. Umrædd breyting virðist eingöngu til þess fallin að búa til íbúðir til útleigu en ekki bæta aðstöðu dýra.

Álit Reykjavíkurborgar

Breyting sú sem um ræðir snýst ekki um að heimila íbúðir í hesthúsinu, hvorki til íveru eða útleigu. Með breytingunni er svölum snúið til suðurs en ekki norðurs þannig að hægt sé að njóta sólar og útiveru lengur á suðursvölum. Hefur breytingin engin áhrif á yfirbragð hverfisins. Með breytingunni er heimilt að vegg hæðir verði allt að 350 cm. og mænishæðir allt að 630 cm. Hefur breytingin engin áhrif á nærliggjandi hús, s.s. skuggavarp, en þegar hafa verið byggð hús á svæðinu í umræddri hæð.



Reykjavíkurborg telur ennfremur einsýnt að hafna beri kröfum kæranda um að byggingarfulltrúa verði meinað að taka til umfjöllunar og samþykktar teikningar skv. deiliskipulagsbreytingunni og stöðvun framkvæmda þar til úrskurður liggja fyrir. Kæra til æðra stjórnvalds frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar skv. 29. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, auk þess sem skipulag veitir ekki heimild til framkvæmda eitt og sér, heldur þarf að koma til sérstök stjórnvaldsákvörðun sem kæránleg er til úrskurðarnefndarinnar, s.s. veiting byggingar- eða framkvæmdarleyfis. Jafnframt upplýsist að ekkert byggingarleyfi hefur verið gefið út og engin leyfi til grafrar verið veitt. Þann 10. maí 2022 stöðvaði byggingarfulltrúi framkvæmdir við jarðvegsskipti. Vegna ábendinga sem bárust í desember s.á. um að framkvæmdir væru hafnar að nýju var verktaka tilkynnt að framkvæmdir hefðu verið stöðvaðar þar sem byggingaráform hefðu ekki verið samþykkt.

Í ljósi framangreinds ítrekar Reykjavíkurborg þá kröfu að kröfum kæranda í málinu verði hafnað, enda ekkert komið fram sem getur valdið ógildi deiliskipulagsbreytingarinnar. Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Harri Ormarsson, lögfræðingur



Árið 2023, miðvikudaginn 14. febrúar, tók Arnór Snæbjörnsson, formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, með heimild í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 130/2011, fyrir:

Mál nr. 8/2024, kæra á ákvörðun borgarráðs Reykjavíkurborgar frá 2. september 2023 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi hesthúsabyggðar á Hólmsheiði vegna lóðar nr. 9 við Almannadal.

Í málinu er nú kveðinn upp til bráðabirgða svofelldur

úrskurður

um kröfu kæranda um stöðvun framkvæmda:

Með ódagsettu bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, er barst nefndinni 19. janúar 2024, kærir eigandi Almannadals 17, þá ákvörðun borgarráðs Reykjavíkurborgar frá 2. september 2023 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi hesthúsabyggðar á Hólmsheiði vegna lóðar nr. 9 við Almannadal. Er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi. Því til viðbótar er þess krafist að framkvæmdir verði stöðvaðar á meðan málið er til meðferðar fyrir úrskurðarnefndinni og að kveðinn verði upp bráðabirgðaúrskurður um að byggingarfulltrúa sé óheimilt að taka til umfjöllunar og samþykkja teikningar sem byggjast á hinni kærðu ákvörðun. Verður nú tekin afstaða til þeirra krafna.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Reykjavíkurborg 30. janúar 2024.

Málsatvik og rök: Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar 20. september 2023 var breyting á deiliskipulagi hesthúsabyggðar á Hólmsheiði vegna lóðar nr. 9 við Almannadal samþykkt, að lokinni grenndarkynningu sem fram fór 31. maí 2023 til og með 28. júní s.á. Athugasemdir bárust við grenndarkynningu, þ. á m. frá kæranda. Í breytingu skipulagsins felast breytingar er varða glugga og svalir. Deiliskipulagsbreytingarinnar var staðfest í borgarráði 2. september s.á. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar birtist í B-deild Stjórnartíðinda 21. desember 2023.

Af hálfu kæranda er bent á að nú þegar hafi verið grafið fyrir húsinu og jarðvegi skipt þar án þess að byggingarleyfi hafi fengist. Byggingarfulltrúa hafi ítrekað verið bent á óleyfisframkvæmdir þessar án þess að framkvæmdir hafi verið stöðvaðar. Af hálfu borgaryfirvalda hefur verið bent á að byggingarfulltrúi hafi stöðvað framkvæmdir við jarðvegsskipti þann 10. maí 2022. Vegna ábendinga sem borist hafi í desember 2022 um að framkvæmdir væru hafnar að nýju hafi verktaka verið tilkynnt um að framkvæmdir hefðu verið stöðvaðar þar sem byggingaráform hefðu ekki verið samþykkt.

Niðurstaða: Samkvæmt 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur úrskurðarnefndin það hlutverk að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvæðana og ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á þessu sviði. Samkvæmt framansögðu tekur úrskurðarnefndin lögmati ákvörðunar til skoðunar. Í kröfu kæranda um að úrskurða

verði að byggingarfulltrúa sé óheimilt að taka til umfjöllunar og samþykkja teikningar á grundvelli hinnar kærðu deiliskipulagsbreytingar felst öðrum þræði krafa um íhlutun í undirbúning að útgáfu byggingarleyfis, sem ekki hefur verið samþykkt svo kunnugt sé, og verður þeirri kröfu því vísað frá nefndinni.

Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 130/2011 er tekið fram að kæra til úrskurðarnefndarinnar fresti ekki réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar en jafnframt er kæranda þar heimilað að krefjast stöðvunar framkvæmda séu þær hafnar eða yfirvofandi, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar. Þá getur úrskurðarnefndin að sama skapi frestað réttaráhrifum ákvörðunar komi fram krafa um það af hálfu kæranda, sbr. 3. mgr. 5. gr. Með sama hætti er kveðið á um það í 29. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 að kæra til æðra stjórnvalds fresti ekki réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar en þó sé heimilt að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar til bráðabirgða meðan málið er til meðferðar hjá kærustjórnvaldi þar sem ástæður mæli með því. Tilvitnuð lagaákvæði bera með sér að meginreglan er sú að kæra til æðra stjórnvalds frestar ekki réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar og eru heimildarákvæði fyrir stöðvun framkvæmda eða frestun réttaráhrifa kærðrar ákvörðunar undantekning frá nefndri meginreglu sem skýra ber þröngt. Verða því að vera ríkar ástæður eða veigamikil rök fyrir ákvörðun um frestun réttaráhrifa.

Mál þetta snýst um breytingu deiliskipulags. Gildistaka deiliskipulags felur almennt ekki í sér heimildir til að hefja framkvæmdir heldur þarf til að koma sérstök stjórnvaldsákvörðun sem kæraneleg er til úrskurðarnefndarinnar, s.s. veiting byggingar- eða framkvæmdaleyfis, sbr. 11. og 13. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki og 13., 14. og 15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í kærumáli vegna greindra leyfisveitinga er eftir atvikum unnt að gera kröfu um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða skv. 5. gr. laga nr. 130/2011. Að jafnaði er því ekki tilefni til að beita heimild um stöðvun framkvæmda eða frestunar réttaráhrifa í kærumálum er varða gildi deiliskipulagsákvæðana. Þegar litið er til fyrrgreindra lagaákvæða, eðlis deiliskipulagsákvæðana, þess að byggingarfulltrúi hefur nú þegar stöðvað framkvæmdir og hinnar kærðu ákvörðunar í máli þessu verður ekki séð að knýjandi nauðsyn sé á að fallast á kröfu kæranda um frestun réttaráhrifa vegna hinnar kærðu deiliskipulagsbreytingar.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu kæranda um stöðvun framkvæmda og vísað frá kröfu um að úrskurðað verði að byggingarfulltrúa sé óheimilt að taka til umfjöllunar og samþykkja teikningar á grundvelli hinnar kærðu deiliskipulagsbreytingar.

Arnór Snæbjörnsson (sign)